



Reglugerð um dómara nefnd

breytt 7.5.2020

1. grein

Dómara nefnd er skipuð þremur einstaklingum og hefur með höndum yfirstjórn allra dómaramála. Stjórn KKÍ skipar nefndina. Formaður nefndarinnar er skipaður af stjórn KKÍ.

2. grein

Nefndin raðar dómurum á alla leiki meistaraflokks í Íslandsmótum, bikarkeppnum, meistarakeppnum og öðrum keppnum sem kann að verða komið á. Þá raðar nefndin dómurum á alla leiki í unglingsflokki, stúlknaflökki, alla undanúrslitaleiki og úrslitaleiki í öðrum flokkum, sem og alla leiki í bikarkeppni yngri flokka. Nefndin raðar einnig dómurum á aðra leiki og keppnir komi um það ósk frá stjórn KKÍ.

Dómara nefnd skal halda skrá yfir nöfn og réttindi dómara á vegum KKÍ og dómara sem dæma í fjölliðamótum félaga og hafa verið tilkynntir sem slíkir af sínum félögum til dómara nefndar.

3. grein

Dómara nefnd skal skipuleggja og sjá um hið minnsta tvö dómara námskeið fyrir nýliða á hverju tímabili í samvinnu við fræðslunefnd (ef þátttaka fæst), þar af annað snemma hausts. Dómara nefnd skal einnig skipuleggja og sjá um útgáfu og dreifingu upplýsinga um dómaramál. Dómara nefnd skal sjá um að boða til og halda þrekpróf fyrir starfandi dómara tvisvar á ári, að hausti áður en keppnistímabil hefst, og í janúar. Þá skulu starfandi dómara boðaðir til fundar og samráðs fyrir upphaf keppnistímabils.

4. grein

Dómara nefnd setur dómurum starfsreglur í upphafi keppnistímabils og kynnir félögum. Þá skal haldinn kynningar- og samráðsfundur dómara nefndar og félaga. Boða skal starfandi dómara, þjálfara og forsvarsmenn félaga til fundanna. Fundinn skal halda fyrir upphaf keppnistímabils og oftast ef dómara nefnd KKÍ metur svo.

5. grein

Dómara nefnd KKÍ er heimilt að sekta dómara mæti hann ekki í leik sem hann hefur verið settur á í niðurröðun dómara nefndar. Dómara nefnd skal í upphafi leiktíðar ákveða upphæð sektar. Sektarfjárhæðin rennur til KKÍ sem sér um innheimtu hennar.

6. grein

Dómara nefnd skal skipa eftirlitsmann (commissioner) á alla leiki í úrslitakeppni úrvalsdeilda karla og kvenna og 1. deildar karla og kvenna, á undanúrslit og úrslit bikarkeppni karla og kvenna. Viðkomandi eftirlitsmaður skal hafa dómara réttindi og/eða FIBA-réttindi sem slíkur. Verksvið viðkomandi eftirlitsmanns skal vera hið sama og hjá eftirlitsmanni (commissioner) hjá FIBA og skal hann gefa umsögn um framkvæmd leiks og dómgaeslu til dómara nefndar. Nefndin hefur heimild til, að ósk stjórnar KKÍ eða að eigin frumkvæði, að skipa eftirlitsmann á aðra leiki ef þurfa þykir.

7. grein

Dómara nefnd hefur heimild til að viðhalda skilvirku kerfi til einkunnagjafar á dómurum og dómgaeslu þeirra. Útfærsla kerfisins er í höndum dómara nefndar hverju sinni. Dómara nefnd hefur heimild til að birta niðurstöður hvenær sem er á keppnistímabilinu eða í lok þess, sýnist nefndinni svo.

8. grein

Dómara nefnd eða fulltrúi hennar skal hafa fastan viðverutíma á skrifstofu KKÍ á meðan keppnistímabil stendur yfir.